

Nd.

385. Frumvarp til laga

[194. mál]

um aðflutningsgjöld og söluskatt af bensíni.

Flm.: Birgir Ísl. Gunnarsson, Albert Guðmundsson.

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 120 1976, um tollskrá o. fl., skulu aðflutningsgjöld af bensíni (tollskrárn. 27 10 19) vera ákveðin upphæð á kg eða kr. 1.06.

2. gr.

Söluskattur af bensíni, sem lagður er á skv. lögum nr. 10 1960 með síðari breytingum, skal vera ákveðin upphæð á hvern lítra eða kr. 11.32.

3. gr.

Aðflutningsgjöld skv. 1. gr. og söluskattur skv. 2. gr. skulu vera grunntaxtar. Ráðherra er heimilt að hækka gjöld þessi allt að því, að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93 1975. Sú hækkun má þó aldrei verða meiri en nemur hækkun á innkaupsverði bensins erlendis frá. Grunntaxtar aðflutningsgjalda og söluskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. janúar 1981, þ. e. 626.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og öllum er kunnugt hafa undanfarin ár orðið miklar verðhækkanir á heimsmarkaði á bensíni og olju. Ekkert bendir til að þær verðhækkanir stöðvist á næstunni. Þessar miklu hækkunir hafa að sjálfsögðu haft áhrif á verðlag hér innanlands og eiga vissulega sinn þátt í þeirri verðbólgu sem hér hefur orðið.

Í umræðum um hið háa verð á bensíni hefur það oft komið fram, að óeðlilegt væri að ríkið hagnaðist beinlínis á erlendu verðhækkunum, en sú hefur orðið raunin vegna þess, hvernig háttáð er skattlagningu á bensíni. Skattar ríkisins leggjast ofan á verðið sem ákveðin prósentutala og hækka því með hækkuðu verði erlendis og magna upp verðhækkunir á bensíni hér innanlands. Tekjur ríkissjóðs af bensíninnflutningi hafa því vaxið mjög mikið og mun hraðar en verðbólgan. Árin 1978—1981 hafa tekjur ríkissjóðs af bensínsölu verið sem hér segir:

Tekjur ríkissjóðs af bensínsölu 1978—1981.

Milljónir króna.

	Áætlun fjárlagafrv.			
	1978	1979	1980	1981
Tollur .....	1 870	5 800	7 300	11 200
Bensíngjald .....	4 626	7 264	10 350	16 800
Söluskattur .....	2 645	5 250	9 600	14 700
Samtals	9 141	18 314	27 250	42 700

Tölur þessar tala sínu máli og sýna glögg tve rikissjóður hefur notað sér hinar miklu verðhækkningar erlendis til gífurlegrar tekjuöflunar. Tekjur rikissjóðs af sölu bensíns hafa meir en fjórfaldast á fjórum árum, sem er langt umfram verðbólgu. Talið er að skattahækkningar ríkisins á bensín umfram verðlagshækkningar nemi um 13 300 milljónum króna frá því að ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar komst til valda á árinu 1978. Þessi mikla skattahækkun á bensíni hefur að sjálfsögðu orðið til að örva verðbólgu í landinu.

Samkvæmt upplýsingum áætladeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins eru helstu þættir bensínverðsins eftir síðustu hækkun 24. desember s. l. sem hér segir (reiknað í nýjum krónum):

Cif-verð bensíns .....	1.83	30.8%
Opinber gjöld:		
Vegagjald .....	1.24	
Tollur .....	0.81	
Söluskattur .....	1.13	
Annað .....	0.10	
Samtals opinber gjöld .....	3.28	55.1%
Dreifingarkostnaður .....	0.69	11.6%
Verðjöfnunargjald .....	0.06	1.0%
Tillag til innkaupareiknings .....	0.09	1.5%
	<hr/>	
Samtals	5.95	100.0%

Af þessu má sjá að stærsti hluti bensínverðsins í dag er opinber gjöld.

Á árinu 1979 urðu allmiklar umræður um það, að rétt væri að ríkið drægi úr skattheimtu sinni til þess að halda verði á bensíni niðri og til að skattheimta ríkisins magnaði ekki upp bensínverðið eins og raun ber vitni um. Einkum var sú leið talin koma til greina að láta fasta krónutölu gilda um tolla og söluskatt. Ekkert hefur orðið úr framkvæmdum þessarar stefnu.

Frumvarp það, sem hér er flutt, hefur þann tilgang að koma til móts við það sjónarmið að óeðlilegt sé að ríkið hagnist sérstaklega á verðhækkun á bensíni erlendis. Meginefni þess er því að ákveða að aðfluningsgjöld og söluskattur séu ákveðin krónutala er miðist við kg að því er aðflutningsgjöld snertir, en við lítra að því söluskatt snertir. Til þess að hlutur rikissjóðs verði hins vegar ekki um of fyrir borð borinn er ákvæði í frumvarpinu þess efnis, að sú krónutala, sem nú verði ákveðin, sé grunntaxti er heimilt sé að hækka í samræmi við hækkun byggingarvísitölu. Er það sams konar regla og gildir nú um bensínjaldið. Ef þessi regla yrði lögfest mundi rikissjóður því geta haldið sínum tekjum í samræmi við verðbólgu innanlands, en ekki fengið sérstakar aukatekjur vegna verðhækkana erlendis. Ef hins vegar dregur úr verðhækkunum erlendis, þannig að þær verði minni en hækkun byggingarvísitölu innanlands, skal miða við hækkun á erlenda verðinu við breytingu á grunntaxta.

Í þessu frumvarpi er ráð fyrir því gert, að grunntaxtar aðflutningsgjalda og söluskatts miðist við verðið eins og það er í dag. Að sjálfsögðu kemur til greina að lækka þessa taxta, ef áhugi er á að nota bensínverðið í baráttunni gegn verðbólgunni. Að svo stöddu er tillaga ekki gerð um það í þessu frv., en flm. eru að sjálfsögðu reiðubúnir til slíks, ef ákveðinn vilji kemur fram um það.

#### *Skýringar við einstakar greinar.*

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum um tollskrá o. fl., nr. 120/1976, eru aðflutningsgjöld 50% (tollskrárn. 27 10 19). Skv. upplýsingum Framkvæmdastofnunar ríkisins er hluti

aðflutningsgjalda í verði hvers lítra nú 0.81 króna. Aðflutningsgjald er hins vegar miðað við þyngd en ekki lítra, og ef þessi tala er reiknuð í þyngd eiga aðflutningsgjöld að vera kr. 1.06 pr. kíló og er við það miðað í þessari grein frumvarpsins.

Um 2. gr.

Samkvæmt upplýsingum Framkvæmdastofnunar ríkisins mun söluskattur í verði hvers lítra nema 11.35 krónum. Gert er ráð fyrir að það verði sá fasti söluskattur sem greiðist af hverjum lítra.

Um 3. gr.

Til að þessi skattstofn ríkisins rýrni ekki um of í áframhaldandi verðbólgu er ráð fyrir því gert skv. þessari grein, að þessar föstu krónutölur um aðflutningsgjöld og söluskatt skuli vera grunntaxtar. Ráðherra sé heimilt að hækka gjöld þessi allt að því að þau hækki í réttu hlutfalli við þá hækkun sem kann að verða á vísitölu byggingarkostnaðar, sbr. lög nr. 93/1975. Ef hins vegar dregur úr verðhækkunum bensíns má hækkun þessara taxta þó aldrei verða meiri en nemur hækkun á innkaupsverði bensíns erlendis frá. Grunntaxtar aðflutningsgjalda og söluskatts eru miðaðir við vísitölu eins og hún var 1. janúar 1981, þ. e. 626.

4. gr. þarfnast ekki skýringar.